

# Hafnsögutaxti

fyrir

21  
16. febr.

## Ísafjarðarkaupstað.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 26, 3. okt. f. á., er hjer með eptir tillögum bæjarstjórnarinnar á Ísafirði settur eptirfarandi taxti fyrir hafnsögu í kaupstaðnum:

### 1. gr.

Hafnsögugjald það, er ræðir um í 1. málsgrein 1. greinar laga 3. okt. 1903 um hafnsöguskyldu í Ísafjarðarkaupstað og hafnargjaldkerinn innheimtir, svo og hafnsögugjald það, er ræðir um í 2. málsgrein sömu greinar og hlutadeigandi hafnsögumaður sjálfur innheimtir, ákveðst þannig:

Fyrir skip sem eru fullar	40 smálestir	ad stærð og allt ad	50 smálestir	10 kr.
— — — — —	50	— — — — —	70	— — 11 —
— — — — —	70	— — — — —	100	— — 12 —
— — — — —	100	— — — — —	120	— — 13 —
— — — — —	120	— — — — —	150	— — 14 —
— — — — —	150	— — — — —	200	— — 16 —
— — — — —	200	— — — — —	250	— — 18 —
— — — — —	250	— — — — —	600	— — 21 —
— — — — —	600	— — — — —	og þar yfir . . . . .	24 —

Ef hafnsögumaður vísar skipi leið út af höfninni, hvort heldur út af hinni innri eða ytri, greiðir það sama gjald og aðofan er ákveðið.

### 2. gr.

Ef hafnsögumanni er eigi fært fyrir veðri að fara úti skip til hafnsögu með minni bát en sexæring, á hann að fá borgun fyrir aukakostnað, er af því leiðir. En skylt er honum að skýra lögreglustjóra frá þessu, þegar er hann kemur í land.

### 3. gr.

Ef hafnsögumaður sökum veðurs eða fyrir því að varpa þarf, verður að vera lengur á skipi en 6 klukkustundir, á hann auk hafnsögugjaldsins að fá 1 kr. fyrir hverja klukkustund er fram yfir er, en þó eigi meir en 6 kr. um sól-arhringinn. Á meðan hafnsögumaður er á skipi, á hann að fá kauplaust fæði handa sjer og mönnum sínum.

Í stjórnarráði Íslands, 16. febr. 1904.

Í fjarveru ráðherrans.

Kl. Jónsson,

settur.

*Jón Hermannsson,*  
settur.